

## 22. sveitarstjórnarfundur Fljótsdalshrepps, Végarði 05.01 2016, kl. 13.30

---

Mættir eru Anna Jóna Árnarsdóttir, Eiríkur J. Kjerúlf, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Lárus Heiðarsson og Þorvarður Ingimarsson. Einnig er mættur Skúli Björn Gunnarsson, forstöðumaður Gunnarsstofnunar, til umræðu um 1. dagskrárlið.

Oddviti setti fund og gengið var til dagskrár.

### Dagskrá

1. Þjónustusamningur við Gunnarsstofnun 2015, *Skúli Björn Gunnarsson*
2. Drög að samkomulagi við Skógarafurðir ehf, vegna styrks
3. Drög að samningi við Skruddu um útgáfu Fljótsdælu
4. Óbyggðasetur ehf. *Steingrímur Karlsson*
5. Sameiginlegt umhverfismat, Sprengisandslína og aðrar framkvæmdir.

Bréf Skipulagsstofnunar dags. 04.12

### 6. Skýrsla oddvita

### 7. Bréf

- a) Mannvirkjastofnun dags. 10.12
- b) NAUST dags. 17.12

### 8. Fundargerðir

- a) Fundur um Safnahúsið 11.12
- b) Upphéraðsklasi 16.12
- c) Ársalir 20.11 og 09.12
- d) Brunavarnir á Austurlandi 09.12
- e) Félagsmálanefnd 09.12
- f) Héraðsskjalasafn Austfirðinga 25.11
- g) Aðalfundur Héraðsskjalasafns Austfirðinga 25.11
- h) Verkefna-og rannsóknarsjóður Fljótsdalshrepps og Landsbankans 02.11
- i) HAUST 02.12

### 9. Önnur mál

### 1. Þjónustusamningur við Gunnarsstofnun 2015 .

Samningurinn er í gildi út árið 2017. Skúli Björn lagði fram greinargerð og fór yfir helstu verkefni ársins 2015. Unnið var að eflingu Ferðaklasa á Upphéraði, m.a. var opnuð ný heimasíða undir léninu [www.hengifoss.is](http://www.hengifoss.is) og gefinn út nýr prentaður bæklingur. Forstöðumaður sá um umsóknir og skýrslugerð vegna framkvæmda við Hengifoss og skipulag vegna vinnu sjálfbóðaliða í ágúst. Landverðir Vatnajökulsþjóðgarðs önnuðust ferðamannateljara á svæðinu, en skv. honum hafa um 50 þús gestir gengið að Hengifossi sl. ár, sem er fjölgun milli ára, þrátt fyrir að Íslendingar væru lítið að ferðast um landið austanvert. Ferðamannakönnun fyrir gesti við Hengifoss var lögð fyrir gesti og skilaði hún um 130 svörum. Skúli Björn hefur komið nokkuð að málum er varða umfjöllun um Lagarfljótsorminn og hafði yfirumsjón með undirbúningi Fljótsdalsdags Ormsteitis, en í skoðun er hjá þeim sem standa að Ormsteiti að stytta hátíðina, sem gæti leitt til þess að Fljótsdalsdagur verði ekki haldinn í tengslum við Ormsteiti eins og verið hefur, heldur færður á annan tíma sumarsins. . Rætt var um áherslur á árinu 2016 s.s. uppsetningu skilta, uppbyggingu við Hengifoss, starfsemi Gunnarsstofnunar o.fl.

*Skúla Birni þökkuð koman og yfirgaf hann fund kl. 14. 20.*

2. **Drög að samkomulagi við Skógarafurðir ehf , vegna styrkveitingar.** Farið yfir drög að samkomulagi um styrk sem sveitarstjórn hefur samþykkt að veita og oddvita falið að undirrita samning fyrir hönd sveitarfélagsins.

### 3. Drög að samningi við Skrudda um útgáfu Fljótsdælu.

Farið yfir fyrirbyggjandi drög að samningi við bókaforlagið Skrudda, um útgáfu bókar Helga Hallgrímssonar er nefnd hefur verið „ Fljótsdæla“. Oddvita falið að koma á framfæri við útgefanda nokkrum atriðum er varða samninginn og undirrita hann þegar það er frágengið. Í fjárhagsáætlun Fljótsdalshrepps fyrir árið 2016 er áætlað að veittur styrkur til bókaútgáfunnar nemi allt að kr. 5 millj. og fær Fljótsdalshreppur hluta bókaupplags til eignar og ráðstöfunar. Fyrirhugað er að bókin komi út næsta haust.

*Steingrímur Karlsson kom til fundar kl 15.00 og fór um kl 16.30*

### 4. Óbyggðasetur ehf.

Í gildi til ársloka 2016 er þjónustusamningur milli Fljótsdalshrepps og Óbyggðaseturs. Steingrímur lagði fram greinargerð um verkefni ársins 2015 og tillögur að verkefnum 2016. Göngubru var sett yfir Laugará í þeim tilgangi að bæta gæði Fossagöngunnar og gera leiðina öruggari fyrir göngufólk. Þá hefur verið unnið að markaðssetningu á svæðinu m.a. kom myndatökuteymi frá Stöð 2 og myndaði Fossagönguna og verður sá þáttur sýndur á vordögum 2016. Óbyggðasetrið tók þátt í ferðaráðstefnum þar sem Fljótsdalshreppur var kynntur sem ákjósanlegur staður til gönguferða. Í sölu nú þegar eru þrjú gönguferðapakkar. Á árinu 2016 er stefnt á að halda áfram öflugri markaðssetningu á setrinu og Austurlandi og vinna áfram að þróun gönguleiða á svæðinu s.s. með hnitsetningu, kortaútgáfu og kynningu á netinu.

Vinna við gönguleiðir fellur að nokkru leyti saman við skiltagerð sem unnið er að í samstarfi Fljótsdalshrepps við Gunnarsstofnun, þannig að vænlegt sýnist að aðilar ræði saman um markmið ársins er varða gönguleiðir í Fljótsdalshreppi.

Steingrímur sagði að starfsemi Óbyggðaseturs hefði farið vel af stað sl. sumar. Unnið er að uppsetningar sýningar sem opnuð verður í sumarbyrjun.

*Í kaffihléi voru skoðuð jólakort , jólabréf og gjafir er sveitarfélaginu hafa borist s. s. jólaskreyting, konfekt og macintosh..*

## **5. Sameiginlegt umhverfismat , Sprengisandslína og aðrar framkvæmdir.**

Bréf Skipulagsstofnunar dags. 04.12. Óskað er afstöðu Fljótsdalshrepps til, hvort sameiginlega skuli metin umhverfisáhrif Sprengisandslínu og annarra fyrirhugaðra línuframkvæmda Landsnets, er snúa að styrkingu meginflutningskerfi s. s. línur frá Blöndu í Fljótsdal, valkostur A í kerfisáætlun og/eða línur sem nefndar eru í valkosti C. Sveitarstjórn Fljótsdalshrepps telur að líta megi þannig á fyrirhuguð uppbygging Sprengisandslínu sé hluti af styrkingu meginflutningskerfis Landsnets, þ.e. eins og mál hafa verið kynnt og framsett m.a. í kerfisáætlun og því eðlilegt að um sameiginlegt umhverfismat verði að ræða.

## **6. Skýrsla oddvita.**

Desembermánuður fór að mestu í ýmiskonar uppgjör og frágang.

Vatnsréttindi sem skilin voru frá jörðum í Fljótsdal vegna Kárahnjúkavirkjunar og seld Landsvirkjun, hafa verið skráð fasteignamati í Þjóðskrá og leggst fasteignaskattur á vatnsréttindin, á árinu 2016. Matsverð réttindanna tekur mið af úrskurði matsnefndar um verðmæti vatnsréttinda Kárahnjúkavirkjunar.

Hreindýraarður greiddur til eiganda/umráðamanna jarða í Fljótsdal á árinu 2015 var samt. 3,6 millj.

Þrátt fyrir fyrirætlanir Vegagerðarinnar um að lagfæra vegamót Norðurdalsvegur við Fljótsdalsstöð, hafa þær framkvæmdir ekki hafist. Þá hafa forsvarsmenn Óbyggðaseturs óskað eftir við Vegagerðina að sett verði upp skilti er varða starfsemin setursins og bætt úr merkingum, þar sem algengt er að að gestir safnsins villist og finni ekki staðinn.

Húseigendur sem fara í orkusparandi aðgerðir í húsum sínum s.s. með uppsetningu varmadæla geta nú , sem fyrr sótt um eingreiðslu vegna kostnaðar. Eingreiðslan jafngildir átta ára áætluðum niðurgreiðslum (rafmagns), sem lækka þá jafnframt í hlutfalli við orkusparnað. Niðurgreiðsla per kWst var í desember 2015 5,18 kr. Sjá nánar <http://www.althingi.is/lagas/nuna/2002078.html>

Deiliskipulag fyrir Hengifossvæðið hefur tekið gildi frá og með 17.12 2015.

Mannvirkjastofnun hefur gert samning við Einkaleyfastofuna um úttekt á gæðastjórnunarkerfum byggingarfulltrúa og boðar að fyrstu úttektir munu hefjast í janúar 2016.

Ríkisskattstjóri hefur gefið út álit þess efnis að skólaakstur sveitarfélaga verði áfram undanþeginn virðisaukaskatti.

Menntamálaráðuneytið hefur tilkynnt um ráðningu níu ráðgjafa sem vinna munu að innleiðingu aðgerða til eflingar læsis.

Umhverfisstofnun minnir á reglugerð um raf-og rafeindatækjaúrgang, þar sem 5. gr. varðar skyldur söfnunarstöðva sveitarfélaga fyrir móttöku og leiðbeiningar úrgangsins.

Landsvirkjun hefur sent Fljótsdalshreppi eintök af útgefnum skýrslum LV-2015-130 Burðarsvæði Snæfellsjarðar 2005-2013 og LV-2015-119 Fiskirannsóknir á vatnasviði Lagarfljóts og Gilsár 2014.

## **7. Bréf .**

- c) Mannvirkjastofnun dags. 10.12. Varðar brunavarnaráætlun, erindinu er vísað til Brunavarna á Austurlandi, er fer með þetta mál.
- d) NAUST dags. 17.12. Varðar ágengar plöntutegundir og fl. er varðar náttúruvarnarnefndir. Kynnt.

## **8. Fundargerðir**

- j) Fundur um Safnahúsið 11.12. Kynnt.
- k) Upphéraðsklasi 16.12. Kynnt.
- l) Ársalir 20.11 og 09.12. Kynntar.
- m) Brunavarnir á Austurlandi 09.12. Kynnt.
- n) Félagsmálanefnd 09.12. Kynnt.
- o) Héraðsskjalasafn Austfirðinga 25.11. Kynnt.
- p) Aðalfundur Héraðsskjalasafns Austfirðinga 25.11. Kynnt.
- q) Verkefna-og rannsóknarsjóður Fljótsdalshrepps og Landsbankans 02.11. Kynnt.
- r) HAUST 02.12. Kynnt.

## **9. Önnur mál.**

- a) Sveitarfélaginu hefur borist bréf frá Þjóðskrá dags 28 des, er varðar skráningu vatnréttinda á Kárahnjúkasvæðinu til fasteignamats. Athugasemdafrestur varðandi fasteignamatið er til 28. jan. Frestað að taka afstöðu til erindis Þjóðskrár varðandi fasteignamat vatnsréttindanna, þar til fundað hefur verið með lögfræðingi sveitarfélagsins. Fyrirhugað er að sá fundur verði 19. jan.

- b)** Rætt um að funda með stjórn Búnaðarfélagsins til umræðu um málefni félagsins og fulltrúum Vatnajökulspjóðgarðs til að ræða starfsemi á svæðinu o.fl. Stefnt að því að bjóða þessum aðilum á fund sveitarstjórnar 2. febrúar.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 18.15

Þorvarður ritaði fundargerði í tölvu.

Gunnþórunn Ingólfisdóttir (sign)

Lárus Heiðarson (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)

Þorvarður Ingimarsson (sign)

Eiríkur J. Kjerúlf (sign).